FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
152. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FÖSTUDAGUR 30. JÚNÍ 2017

# Móðir upplifir þöggun af hálfu Hjallastefnu

**Guðrún Lilja Magnúsdóttir, móðir drengs í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, segir barn sitt hafa orðið fyrir ítrekuðu ofbeldi af hálfu starfsfólks skólans. Eftir að minnsta kosti eitt atvikanna hafi mátt sjá mar og talsverða áverka á drengnum.**

**SAMFÉLAG** „Ég upplifi að þessi atvik hafi verið þögguð niður og það hafi verið gert lítið úr þeim – nema kannski núna, þegar málið ratar í fjölmiðla. Það setur pressu á skólann,“ segir Guðrún Lilja Magnúsdóttir, móðir barns í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær var greint frá því að skólastjóra og starfsmanni skólans hefði verið vikið tímabundið frá störfum vegna gruns um að hafa beitt fjögur börn í skólanum ofbeldi. Barnavernd Reykjavíkur hafi málið til skoðunar.

Samkvæmt heimildum er skólastjórinn grunaður um að hafa beitt eitt barn ofbeldi, en hlutur starfsmannsins er heldur stærri. Sá á að hafa beitt nokkra drengi ofbeldi í einhvern tíma.

Að sögn Guðrúnar Lilju hefur sonur hennar orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu þriggja starfsmanna skólans, tveggja fyrrverandi starfsmanna og starfsmanns sem nú hefur verið vikið tímabundið frá störfum. Drengurinn hefur stundað nám við skólann í þrjú ár.

Guðrún Lilja lýsir í samtali við blaðið hvernig sonur hennar var rifinn upp á hálsmálinu þannig að hann rak öxlina í kennsluborð, hvernig hann var rifinn upp á hendinni þannig að hann marðist og hvernig hann var klipinn í framan.

„Í eitt sinn var hann rifinn upp á handleggnum af kennara, þar sem börnin voru í jógatíma að fíflast. Við vissum ekki af þessu fyrr en að við settum barnið í bað og sáum að hann var marinn og aumur. Það stórsá á honum. Þegar við ræddum það varð hann skömmustulegur og tók alla ábyrgðina. Sagðist hafa látið eins og kjáni og að þetta væri allt honum sjálfum að kenna.“

> **Við vissum ekki af þessu fyrr en að við settum barnið í bað og sáum að hann var marinn og aumur.**
>
> Guðrún Lilja Magnúsdóttir, móðir barns í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Þá hafi Guðrún og eiginkona hennar fyrst leitað til skólastjóra, annars en þess sem nú hefur verið vikið frá störfum, vegna ofbeldis í garð sonar hennar. Lítið hafi verið gert úr atvikinu. Guðrún Lilja gagnrýnir að skólinn hafi enga ábyrgð tekið á atvikinu og ekki boðið barninu viðeigandi aðstoð.

Annar starfsmaður skólans, sem vinnur þar ekki lengur, hafi líka verið harkalegur í framkomu við son Guðrúnar. „Hann tók utan um andlit hans, með vísifingri og þumli, og kleip hann. Barnið mitt var óstjórnlega hrætt við þann starfsmann. Honum leið illa í skólanum og harðneitaði að fara, sem er ekki vaninn, því honum finnst gaman í skólanum og að hitta vini sína.

Ég er að gera mér grein fyrir því að kvíðinn sem hann var að upplifa voru afleiðingar af ofbeldinu. Þegar þetta mál kom upp leituðum við til skólastjóra, þess sem nú hefur verið vikið frá störfum, sögðum að eitthvað yrði að breytast. Sá starfsmaður var síðar látinn fara, en það var nokkru eftir að við kvörtuðum.“ – **ósk** / **sjá síðu 6**



**Eldsvoði** Allt tiltækt slökkvilið, auk varaliðs, var kallað út í gærkvöldi eftir að eldur kom upp í húsi við Bauganes í Skerjafirði. Upphaflega kviknaði í sólpalli út frá grilli en slökkvilið var fljótt á staðinn og taldi sig hafa slökkt eldinn. Eldurinn náði hins vegar að ferðast upp þakrennu og læsa sig í þak hússins og þurfti því að kalla slökkvilið út á ný. Slökkvistarfi var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. Tjónið er mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Glamour gefur góð útsöluráð

**LÍFIÐ** Nú eru útsölur í fullum gangi og á þeim er hægt að gera góð kaup, svo lengi sem valið er vandað og forðast að gera klassísk mistök. Glamour setti saman lista yfir góð ráð sem gott er að hafa í huga þegar farið er á útsölur.

Meðal þess sem fram kemur á lista Glamour er að það þjónar engum tilgangi að kaupa hluti eingöngu vegna þess að þeir eru á útsölu. Þá er ekki vænlegt til vinnings að kaupa flíkur sem passa ekki, ef flíkin passar ekki núna þá eru litlar líkur á að hún muni einhvern tímann passa.

Svo er góður undirbúningur auðvitað lykillinn að farsælum útsölukaupum og því er gott að vera með á hreinu hvað það er sem vantar í fataskápinn áður en á útsölur er haldið. – **áp** / **sjá síðu 30**

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Skattakóngur ársins 2016 greiddi tvöfalt hærri opinber gjöld en skattakóngur ársins á undan. **8**

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um bókabéusa og verkvit. **13**

**SPORT** Olísdeildir karla og kvenna fá stóraukna umfjöllun á næstu leiktíð. **16**

**LÍFIÐ** Ásgeir Trausti ætlar að halda óvænta tónleika í félagsheimilinu á Hvammstanga. **32**



**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Suðlæg átt dag, skýjað með köflum skúragangur, einkum síðdegis, en úrkomulítið á Austurlandi. SJÁ SÍÐU 20

# Grýtuhúsið rifið



**Unnið er að því rífa Grýtuhúsið á SÍF-reitnum svokallaða á Keilugranda 1 í Vesturbænum. Reykjavíkurborg keypti lóðina árið 2012 en hún er nú í eigu Búseta. Til stendur að byggja 78 litlar íbúðir á svæðinu sem eiga að vera tilbúnar til afhendingar árið 2019. Þar verður einnig að finna sérstakan lýðheilsureit sem skipulagður verður í samstarfi við Knattspyrnufélag Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hefja gjaldtöku við Hraunfossa

**FERÐAÞJÓNUSTA** Frá og með morgundeginum verður rukkað á bílastæðið við Hraunfossa í Hvítársíðu. Markmiðið með gjaldtökunni er að bæta aðstöðu við fossana.

Í tilkynningu frá landeigendum kemur fram að ekki sé verið að rukka fyrir aðgang að fossinum heldur sé þetta stöðugjald fyrir bílastæðin. Þannig verði ókeypis fyrir þá sem koma fótgangandi eða hjólandi að fossinum.

„Gjaldtöku verður stillt í hóf en fyrir 50 manna rútu verður aðstöðugjaldið 6 þúsund krónur sem gerir þá um 120 krónur á hvern farþega,“ segir í tilkynningunni.

Féð sem innheimtist verður nýtt til þess að bæta aðstöðu á bílastæðunum. Þá verða landverðir á staðnum til að stýra umferð á bílastæðinu, sjá um söndun og söltun og tryggja öryggi ferðamanna. **– jóe**

## Fá staðið í stað einkunnar

**MENNTUN** Allir nemendur sem þreyttu próf í Fasteignakauparétti í vor fá staðið í stað einkunnar fyrir áfangann. Prófúrlausnir nemenda í áfanganum misfórust í pósti á leið til Austurríkis.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að prófgögnin hefðu ekki ratað á leiðarenda. Kúrsinn var liður í námi til löggildingar fasteigna- og skipasala hjá Endurmenntun HÍ.

„Við erum ykkur mjög þakklát fyrir þá þolinmæði sem þið hafið sýnt varðandi glataðar prófúrlausnir í Fasteignakauparétti. Það verður ekki lengur beðið með að birta niðurstöðu í málinu þrátt fyrir að við höfum ekki gefið upp alla von um að úrlausnirnar finnist,“ segir í skeyti til nemenda sem sent var í gær.

Ef úrlausnirnar koma til með að finnast síðar geta nemendur óskað eftir því að fá einkunn kjósi þeir það. **– jóe**

## Ökumaður lést í umferðarslysi í Öxnadal

**SLYS** Einn lést þegar bílar, sem komu úr gagnstæðri átt, rákust saman á hringveginum í Öxnadal, á móts við Steinsstaði, á fimmta tímanum í gær. Tveir aðrir slösuðust en meiðsl þeirra eru ekki talin alvarleg.

Hinn látni var ökumaður annarrar bifreiðarinnar. Farartækin skullu saman og enduðu bæði utan vegar í kjölfarið. Beita þurfti klippum til að ná ökumanni og farþega úr annarri bifreiðinni. Hringveginum var lokað á meðan.

Þrír voru fluttir með hraði á Sjúkrahúsið á Akureyri en við komuna þangað var annar ökumaðurinn úrskurðaður látinn. Tildrög slyssins liggja ekki fyrir. Í tilkynningu frá lögreglunni á Norðurlandi eystra þakkar hún vegfarendum biðlund meðan á lokunum stóð. **– jóe**

LANDMANN
Your World of BBQ
Grillbúðin
20% afsláttur
Niðurfellanleg hliðarborð



Verð áður 76.900
61.520
• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveiking í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok
• Postulínsemalerað efri grind
• Hitamælir
• Grillflötur 65 x 44 cm
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Yfirbreiðsla og steikarplata úr pottjárni fylgja
Skoðið nýja vefverslun www.grillbudin.is
Nr. 12935 - Grátt
Gildir 30. júní til 8. júlí
Opið virka daga 11-18
Laugardag 11-16
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

# ONE hreyfingin byggir upp samfélag í Lóni

Áslaug Magnúsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Moda Operandi, er einn aðstandanda ONE hreyfingarinnar. Hreyfingin stefnir að því að byggja upp sjálfbært samfélag, hótel, íbúðir og frumkvöðlaaðstöðu í Austur-Skaftafellssýslu.

**SAMFÉLAG** Hreyfingin ONE, sem samkvæmt lýsingu á lokaðri heimasíðu hennar vill byggja upp sjálfbært samfélag sem nýtir sér nýjustu tækni í búskap og sýndarveruleika, stefna að uppbyggingu hótels og frumkvöðlasamfélags í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Lögfræðingurinn og fjárfestirinn Áslaug Magnúsdóttir er meðal aðstandenda hreyfingarinnar. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Áslaug er best þekkt sem stofnandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri tískufyrirtækisins Moda Operandi. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur bandarískur fjárfestir einnig aðkomu að verkefninu.

Áslaug vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað, en Páll Róbert Matthíasson, forseti bæjarstjórnar og formaður skipulagsnefndar Hornafjarðar, staðfesti að hún hefði keypt land í Lóninu. Áformin hafi þegar komið óformlega á borð sveitarfélagsins.

„Það er ekki búið að taka neinar sérstakar ákvarðanir. Það er bara verið að skoða þetta. Þessi kona var að kaupa jörð þarna upp frá en það er ekki komið neitt formlegt frá þeim ennþá. Þetta eru einhverjar hugmyndir sem hún hefur en annað er ekkert staðfest,“ segir Páll Róbert.

Sett hefur verið upp læst heimasíða um verkefnið, eins og áður segir. Þar segir að ONE sé hreyfing á Íslandi sem muni koma upp svokölluðu „ONE living samfélagi“ með íbúðum, sameiginlegum rýmum, viðskiptahraðli og hóteli.

Á síðunni kemur fram að framtíðarsamfélagið verði byggt upp á Suðausturlandi. Þar verði nýjasta tækni nýtt, bæði sýndarveruleiki og tækni til landbúnaðar. ONE muni bjóða samfélag fyrir þá sem leita að vellíðan, sjálfsbetrun og skilningi á öllum sviðum lífsins. ONE verði miðstöð sköpunar og nýsköpunar og muni bjóða upp á eins árs viðskiptahraðal fyrir efnileg nýsköpunarfyrirtæki. Fyrirtækin muni njóta frábærrar aðstöðu á svæðinu og geti átt í samskiptum við ráðgjafa, fyrirlesara og aðra sérfræðinga úr samfélagi ONE.

Fram kemur á síðunni að skrifstofur hreyfingarinnar séu meðal annars á Háteigsvegi í Reykjavík, í New York og Miami.

saeunn@frettabladid.is



**Samfélagið yrði í Lóni á Suðausturlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Áslaug Magnúsdóttir, lögfræðingur og fjárfestir.** MYND/ROBERT CAPLIN


SUMARÚTSALA
GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR
20-60%
AFSLÁTTUR
20-60% AFSLÁTTUR GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR 20-60% AFSLÁTTUR SUMARÚT
OPEN AIR
OUTDOOR EQUIPMENT
ÖLL HÚSGÖGN*
20%
AFSLÁTTUR
ALLIR SVEFN-POKAR OG TJÖLD*
20%
AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
*GILDIR 30.06-02.07

# Óvenjumiklar sveiflur á gjaldeyrismarkaði um þessar mundir

**VIÐSKIPTI** Óvenjumiklar dagsveiflur hafa einkennt gjaldeyrismarkaðinn að undanförnu, að sögn Konráðs S. Guðjónssonar, hagfræðings í greiningardeild Arion banka.

Dæmi séu um að gengi krónunnar sveiflist um tvö til þrjú prósent innan dags. „Svo virðist sem hver og ein viðskipti með gjaldeyri á millibankamarkaði séu að færa verðið meira til en áður,“ segir hann í samtali við blaðið.

Gengi krónunnar hefur verið nokkuð sveiflukennt það sem af er ári, þó það hafi á heildina litið styrkst um rúm 4,5 prósent.

Síðustu vikur hefur krónan hins vegar veikst umtalsvert eða um 5,8 prósent, samkvæmt gengisvísitölu, í júnímánuði. Sú þróun er þvert á væntingar greinenda sem höfðu flestir spáð umtalsverðri styrkingu gjaldmiðilsins samfara háannatíma í ferðaþjónustunni.

Konráð segir það blasa við að smæð gjaldeyrismarkaðarins hafi átt þátt í miklum gengissveiflum krónunnar síðustu vikur og mánuði. Krónan sé lítill gjaldmiðill og því geti lítil viðskipti haft áhrif á verðmyndun hennar frá degi til dags. Greiningardeildin hefur til að mynda bent á að velta með gjaldeyri á millibankamarkaði hafi verið 30 milljarðar króna í maí borið saman við 72 milljarða króna veltu á hlutabréfamarkaði á sama tíma.

Þessi litla velta með gjaldeyri valdi því enn fremur að sveiflur innan dags séu meiri nú en oft áður.

„Það útskýrir líka sveiflurnar að Seðlabankinn er ekki lengur jafn virkur á gjaldeyrismarkaði,“ útskýrir Konráð.

„Hann hefur heldur haldið sig nokkuð til hlés og bregst ekki lengur eins mikið við sveiflum og áður. Meira frjálsræði í fjármagnsflutningum ýkir líka sveiflurnar. Svo virðist sem það hafi hreinlega verið nokkur titringur á markaðinum.“ – kij

> **Það virðist hafa verið nokkur titringur á markaðinum.**
> Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur



## Ísfirðingar vilja nýja flugstöð í Reykjavík

**SAMGÖNGUR** „Óbreytt ástand í flugstöðvarmálum er óviðunandi og því þarf að bregðast við með bættri aðstöðu svo að innanlandsflug geti dafnað,“ segir í ályktun bæjarráðs Ísafjarðar í kjölfar umræðna í ráðinu um áform Jóns Gunnarssonar samgönguráðherra um byggingu flugstöðvar í Vatnsmýri.

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar áformum samgönguráðherra um byggingu flugstöðvar í Vatnsmýri. Ljóst er að núverandi flugvöllur mun standa þarna næstu árin,“ segir í ályktuninni. – gar



Jón Gunnarsson, samgönguráðherra

## Fleiri sækja um í Ármúlaskóla

**SKÓLAMÁL** Steinn Jóhannsson, skólameistari FÁ, segir umræðu um hugsanlega sameiningu skólans við Tækniskólann ekki hafa haft áhrif á fjölda umsókna um skólavist. „Umræðan hefur ekki haft þau áhrif á starfsemi FÁ að hún sé stopp,“ segir Steinn og vísar til fréttar Vísis á miðvikudag undir fyrirsögninni „Trúnaðarmaður segir starf Fjölbrautaskólans við Ármúla stopp“. Með fyrirsögninni var vísað í færslu Unnars Þórs Bachman, trúnaðarmanns kennara við FÁ, í Facebookhópi ríflega 900 kennara. Unnar sagði þar að starf FÁ hefði laskast. „Ekki hefur verið hægt að endurskoða fjarnámssamning, skóladagatal eða annað í skólastarfinu.“

Steinn segir að með fréttinni hafi verið vegið að starfsfólki FÁ. – gar

# Íslenska fyrir útlendinga orðin ein vinsælasta greinin innan HÍ

**Á fimmta hundrað nemendur sóttu um íslenskunám fyrir útlendinga í HÍ. Greinarformaður segir áhugann vaxandi. Framkvæmdastjóri starfsmannaleigu merkir aukinn áhuga á að starfa hérlendis vegna sterkrar krónu. Framkvæmdastjóri ráðninga hjá Capacent segir íslenskukunnáttu hafa mikil áhrif á starfsmöguleika.**

**MENNTUN** Vaxandi áhugi er á íslenskunámi fyrir útlendinga í Háskóla Íslands, segir Margrét Jónsdóttir, greinarformaður íslenskunámsins í Hugvísindadeild HÍ. Íslenska sem annað tungumál er vinsælasta námsleiðin innan skólans.

Samtals bárust tæplega 439 umsóknir um BA-nám eða styttra hagnýtt nám á þessari námsleið fyrir næsta haust. Það eru rúmlega 40 prósent af öllum þeim umsóknum sem bárust Hugvísindasviði.

„Það er vaxandi áhugi og hefur verið undanfarin ár,“ segir Margrét og bætir við að áhuginn sé orðinn mjög mikill.

Tvær námsleiðir eru í íslensku sem öðru tungumáli. Annars vegar er það hefðbundið BA-nám. Síðan er það hagnýt íslenska sem er grunndiplómanám og tekur eitt ár. Til þess að fara í BA-námið þarf viðkomandi að hafa grunnþekkingu á íslensku en hagnýta leiðin er fyrir algjöra byrjendur í náminu. Umsækjendur um BA-námið fyrir næsta haust eru 237 en umsækjendur um grunndiplómað eru 202.

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri ráðninga hjá Capacent, segir íslenskukunnáttu mjög oft hafa áhrif á möguleika fólks til að fá vinnu. „Auðvitað fer það aðeins eftir störfum en yfirleitt vilja fyrirtæki einhverja íslenskukunnáttu, nánast í hvaða störf sem er,“ segir hún. Jakobína segir marga erlenda starfsmenn hér koma í gegnum starfsmannaleigur.

Ingi Örn Gíslason, framkvæmdastjóri Íslenskrar verkmiðlunar, segist hvetja alla sem hingað koma til starfa á vegum fyrirtækisins til að sækja sér íslenskukennslu. Hann segir það misjafnt hverjir hafi áhuga á náminu. „Þeir sem koma hingað til að setjast að hafa, eðli málsins samkvæmt, meiri áhuga á íslenskukennslu,“ segir Ingi Örn.

Samkvæmt Hagtíðindum Hagstofunnar fjölgaði landsmönnum um 1,8 prósent eða 5.820 manns árið 2016. Þar munar mest um að aðfluttir umfram brottflutta voru 4.069. Erlendir ríkisborgarar voru 30.275 hinn 1. janúar.

Ingi Örn segist merkja mikinn áhuga útlendinga á störfum hérlendis. „Það er gríðarleg aukning í því á síðustu tveimur, þremur árum. Gengið er aðlaðandi og það er stór þáttur,“ segir hann. Efnahagslífið hér sé þannig að nóg sé af störfum í boði. Allt það fólk sem kemur hingað í gegnum Íslenska verkmiðlun er frá Evrópska efnahagssvæðinu. jonhakon@frettabladid.is



Nærri 7.300 umsóknir um grunn- og framhaldsnám bárust Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2017-2018. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nokkrar vinsælar námsleiðir í HÍ

| | |
|---|---|
| Viðskiptafræði | 350 |
| Lögfræði | 114 |
| Læknisfræði | 311 |
| Sálfræði | 300 |
| Hjúkrunarfræði | 160 |
| Grunnskólakennsla | 130 |



Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, hjá Capacent



BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# SUMIR BÍLAR ERU BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota C-HR C-ENTER AWD
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 1/17 ekinn 4.000 km
Verð: 4.990.000.- Rn. 991005
Betra verð: 4.690.000 kr.

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 7/16 ekinn 26.000 km
Verð: 8.490.000.- Rn. 991043

BNB



Lexus RX450h EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/15 ekinn 44.000 km
Verð: 8.770.000.- Rn. 990989
Betra verð: 7.990.000 kr.

BNB



Lexus IS300h F-Sport Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/14 ekinn 30.000 km
Verð: 4.990.000.- Rn. 990825
Betra verð: 4.650.000 kr.

BNB



Toyota Auris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 10/16 ekinn 3.000 km
Verð: 2.790.000.- Rn. 990857

BNB



Toyota Rav4 GX Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 6/16 ekinn 18.000 km
Verð: 4.850.000.- Rn. 991032
Framhjóladrif

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 6/15 ekinn 41.000 km
Verð: 3.090.000.- Rn. 991052

BNB



Toyota Rav4 GX AWD
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 6/16 ekinn 40.000 km
Verð: 4.670.000.- Rn. 991020

BNB



Toyota Prius Lounge Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 8/12 ekinn 43.000 km
Verð: 2.990.000.- Rn. 990403
Betra verð: 2.730.000 kr.

BNB



Toyota Proace GX Langur
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 9/14 ekinn 40.000 km
Verð: 3.490.000.- Rn. 990939
Betra verð: 3.250.000 kr.

BNB



Toyota Rav4 GX
Dísel, beinsk. framhjóladrif
Á götuna 2/16 ekinn 16.000 km
Verð: 3.990.000.- Rn. 990819
Betra verð: 3.750.000 kr.

BNB



Toyota Auris Touring Sports Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 8/15 ekinn 44.000 km
Verð: 2.690.000.- Rn. 991029

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

## Dýrara að búa í eigin húsnæði

**EFNAHAGSMÁL** Á síðustu tólf mánuðum hefur kostnaður við að búa í eigin húsnæði hækkað um 23 prósent og hækkaði um 1,2 prósent milli mánaða í júní. Þetta kemur fram í nýrri Hagsjá Landsbankans.

Hækkunin er töluverð milli ára en helst í hendur við hækkandi húsnæðisverð. Fram kemur í Hagsjánni að mikil hækkun var einnig á reiknaðri húsaleigu milli mánaða.

Vísitala neysluverðs var óbreytt milli mánaða í júní og mælist 12 mánaða verðbólga 1,5 prósent. Til samanburðar mældist verðbólgan 1,7 prósent í maí. **– sg**

## Sitja kyrrir þrátt fyrir tækjakaup

**DANMÖRK** Fjárfest var fyrir milljónir danskra króna í nýjum skólalóðum í sjö sveitarfélögum í Danmörku til að fá nemendur til að hreyfa sig. Voru eldri nemendur sérstaklega hafðir í huga við val á leiktækjum.

Danska ríkisútvarpið greinir frá að breytingar á lóð skóla í Nakskov hafi kostað fjórar milljónir danskra króna eða rétt rúmlega 60 milljónir íslenskra króna. Nýja lóðin var tekin í notkun fyrir tveimur árum en árangurinn lætur á sér standa.

Farsímanotkun nemenda er kennt um auk þess sem í sumum skólum er nemendum heimilt að yfirgefa skólalóðina eða sitja inni í frímínútum. **- ibs**

## Réttað yfir forsætisráðherra



Yingluck Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, heilsar upp á stuðningsfólk sitt og aðdáendur á leið sinni til hæstaréttar landsins. Shinawatra er ákærð fyrir brot í starfi þegar hún ákvað að niðurgreiða hrísgrjónaframleiðslu landsins. Verði hún fundin sek gæti hún þurft að greiða 35 milljarða taílenskra bata, jafnvirði um 102 milljarða króna, í sekt og sitja af sér allt að tíu ára fangelsisdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Auðjöfrar urðu ríkari

**VIÐSKIPTI** Á síðasta ári fjölgaði þeim einstaklingum sem eiga eignir metnar á 30 milljónir dollara, jafnvirði 3,1 milljarðs íslenskra króna, eða meira um 3,5 prósent. Samtals voru þetta 226.450 einstaklingar samkvæmt tölum Wealth-X.

MarketWatch greinir frá því að samtals hafi þessi hópur átt 27 billjónir dollara sem er 1,5 prósenta aukning milli ára.

Á síðasta ári hækkuðu meðallaun og fríðindi framkvæmdastjóra í Bandaríkjunum um 8,5 prósent en á sama tíma hækkuðu meðallaun starfsmanna mun minna. Hjá Fortune 500 fyrirtækjum hækkuðu meðallaun starfsmanna hlutfallslega um þriðjung af launahækkun forstjóranna.

Milljarðamæringum (í dollurum talið) fækkaði um 3 prósent á síðasta ári og voru þeir samtals 2.397, eignir þeirra drógust einnig saman milli ára. Þetta var í fyrsta sinn frá því í fjármálakreppunni 2007 til 2008 sem milljarðamæringum fækkaði milli ára. Í Kína fækkaði milljarðamæringum um 4,2 prósent, og heildareignir þeirra minnkuðu um 670 milljarða dollara. **– sg**



**Milljarðamæringum, hópi sem Warren Buffett tilheyrir, fækkaði milli ára.** MYND/BLOOMBERG

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

# Segir barnið sitt hafa neitað að fara í skólann

**Móðir barns í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík segir að þegar upp komst að fleiri börn en hennar hefðu sakað starfsfólk skólans um ofbeldi hafi hún og eiginkona hennar ákveðið að tilkynna háttemið til Barnaverndar ásamt öðrum.**

**SAMFÉLAG** „Ég er búin að vera að átta mig á því hvað er búið að vera í gangi. Barnið mitt, sem er bæði eðlilegt og heilbrigt, var rosalega óhamingjusamt og harðneitaði að fara í skólann á tímabili. Strákur sem hefur yfirleitt verið lífsglaður og hamingjusamur. Við skildum ekki af hverju vanlíðanin stafaði, en núna finnst mér fáránlegt að hafa ekki brugðist við og tilkynnt um málið fyrr,“ segir Guðrún Lilja Magnúsdóttir, móðir drengs í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Guðrún og eiginkona hennar hafa tilkynnt hegðun starfsmanna skólans gagnvart syni þeirra til Barnaverndar.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær var greint frá því að skólastjóra og starfsmanni skólans hefði verið vikið tímabundið frá störfum vegna gruns um að hafa beitt fjögur börn í skólanum ofbeldi. Barnavernd Reykjavíkur hafi málið til skoðunar.

Að sögn Guðrúnar Lilju hefur sonur hennar orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu þriggja starfsmanna skólans, tveggja fyrrverandi starfsmanna og starfsmanns sem nú hefur verið vikið tímabundið frá störfum. Drengurinn hefur stundað nám við skólann undanfarna þrjá vetur.

Guðrún Lilja segir í samtali við blaðið að sonur hennar hafi verið rifinn upp á hendinni þannig að hann marðist og að hann hafi verið klipinn í framan. Þá lýsir hún því þegar sonur hennar var rifinn upp á hálsmálinu með þeim afleiðingum að hann rak öxlina illa í kennsluborð.

„Við vissum ekki af því atviki fyrr en önnur móðir barns í skólanum, sem einnig hefur tilkynnt til Barnaverndar, hringdi í okkur því að hennar barn hafði lent í ofbeldi af hálfu sama starfsmanns. Sú sagði okkur frá öllu saman. Þegar ég ræddi þetta við son minn gerði hann lítið úr þessu, lýsti því að hafa horft upp á miklu alvarlegri atvik sem önnur börn hefðu orðið fyrir,“ segir Guðrún, en hún og eiginkona hennar hafa nú tekið þrjú börn sín úr skólum og leikskólum á vegum Hjallastefnunnar.



**Sonur Guðrúnar er hættur í skólanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þegar ég ræddi þetta við son minn gerði hann lítið úr þessu, lýsti því að hafa horft upp á miklu alvarlegri atvik sem önnur börn hefðu orðið fyrir.**
>
> Guðrún Lilja Magnúsdóttir, móðir barns í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Samkvæmt heimildum er skólastjórinn grunaður um að hafa beitt eitt barn ofbeldi, en hlutur starfsmannsins er stærri. Hann á að hafa beitt nokkra drengi ofbeldi í einhvern tíma.

Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að málið hefði strax frá upphafi verið litið alvarlegum augum. Skólinn hefði fengið óháðan aðila, sálfræðing, til að kanna málið.

olof@frettabladid.is




Brimborg
Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

# ERTU AÐ GRÆJA TJALDVAGNINN EÐA FELLIHÝSIÐ?

Kefli, tenglabox, rafmagnssnúrur, startkaplar og margt fleira



**3.995 kr.**
**KEFLI**
10 m, 16 A



**599 kr.**
**TENGLABOX – ÚTI**
IP44, rautt



**2.932 kr.**
**FRAMLENGINGARSNÚRA**
1,5 m, IP44



**3.195 kr.**
**FRAMLENGINGARSNÚRA**
1,5 m, IP44



**2.950 kr.**
**SNÚRA**
10 m
20 m, kr 6.995
25 m, kr 7.495



**3.985 kr.**
**STARTKAPLAR**



**OPIÐ**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**

**RAFVÖRUMARKAÐURINN**
við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook




## Hæstu skattgreiðendur á landinu



**570 milljónir**
**Gísli J. Friðjónsson**
seldi Hópbíla og Hagvagna

**384 milljónir**
**Einar Friðrik Sigurðsson**
skipstjóri og útgerðarmaður, seldi Auðbjörgu

**363 milljónir**
**Katrín Þorvaldsdóttir**
eigandi Síldar og fisks



**232 milljónir**
**Guðmundur Kristjánsson**
eigandi útgerðarfyrirtækisins Brims

**159 milljónir**
**Ármann Einarsson**
framkvæmdastjóri Auðbjargar

**149 milljónir**
**Marta Árnadóttir**

**149 milljónir**
**Grímur Garðarsson**
einn eigenda Vörðu Capital

**143 milljónir**
**Kristján Vilhelmsson**
einn eigenda Samherja



**140 milljónir**
**Guðrún Birna Leifsdóttir**



**135 milljónir**
**Valur Ragnarsson**
forstjóri Medis

**128 milljónir**
**Brynjólfur Gunnar Halldórsson**
skipstjóri

**127 milljónir**
**Ársæll Hafsteinsson**
framkvæmdastjóri gamla Landsbankans



**120 milljónir**
**Kristinn Már Gunnarsson**
einn eigenda Cintamani og Arctic Group

**117 milljónir**
**Jón Sigurðsson**
stjórnarformaður Stoða og áður hjá GAMMA

**115 milljónir**
**Ari Fenger**
forstjóri Nathan & Olsen

**113 milljónir**
**Benedikt Rúnar Steingrímsson**
einn eigenda FM-húsa

**110 milljónir**
**Magnús Jóhannsson**

**108 milljónir**
**Róbert Wessmann**
forstjóri Alvogen

**107 milljónir**
**Kristín Fenger**
einn eigenda Helgafells

**99 milljónir**
**Árni Pétur Jónsson**
forstjóri og næststærsti hluthafi Basko



**Þessir fimm greiddu mest í skatt árið 2015**

| | |
|---|---|
| 265 milljónir | Árni Harðarson |
| 200 milljónir | Christopher M. Perrin |
| 193 milljónir | Jakob Már Ásmundsson |
| 163 milljónir | Þórir Garðarsson |
| 160 milljónir | Sigurdór Sigurðsson |

# Greiddu milljarði meira en árið á undan

**Skattakóngur ársins 2016 greiddi tvöfalt hærri opinber gjöld en skattakóngur ársins á undan. Fjórar konur eru meðal þeirra tuttugu sem greiða mest í skatt. Tveir halda sér á topp 20. Aldrei hafa fleiri talið fram til skatt hérlendis en í fyrra.**

**SKATTAR** Opinber gjöld þeirra tuttugu einstaklinga sem þurftu að greiða mest til ríkisins námu samtals 3,4 milljörðum króna. Það er milljarði meira en sami hópur greiddi árið 2015.

Til að setja 3,4 milljarða í samhengi þá duga þeir til að greiða laun þingmanna og ráðherra í tæplega fjögur ár eða kostnað ríkisins við þjóðkirkjuna í tæp tvö.

Skattakóngur Íslands árið 2016 er Gísli J. Friðjónsson en hann greiddi alls rúmlega 570 milljónir í opinber gjöld í fyrra. Opinber gjöld hans eru rúmlega tvöfalt hærri en þau sem Árni Harðarson, skattakóngur ársins 2015, greiddi. Gjöld Gísla má rekja til sölu hans á Hópbílum og Hagvögnum.

Í næsta sæti má finna Einar Friðrik Sigurðsson útgerðarmann en hann seldi útgerðina Auðbjörgu í Þorlákshöfn á síðasta ári. Opinber gjöld hans námu tæpum 384 milljónum króna. Ármann Einarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins, er í fimmta sæti listans en opinber gjöld hans námu rúmum 159 milljónum.

Katrín Þorvaldsdóttir, eigandi Síldar og fisks, er skattadrottning síðasta árs en hún greiddi tæpar 363 milljónir í skatta. Þrír efstu á listanum nú greiddu meira en skattakóngur ársins 2015. Guðmundur Kristjánsson, eigandi Brims, greiddi tæplega 232 milljónir.

Af einstaklingunum tuttugu eru aðeins tveir sem voru á sama lista fyrir ári. Það eru þeir Kristján Vilhelmsson, einn eigandi Samherja, og Valur Ragnarsson, forstjóri Medis. Einn af hverjum fimm á listanum er kvenkyns. johannoli@frettabladid.is

### Skattakóngar síðustu ára



NISSAN
Innovation that excites

30 kWh
250 km**
Zero Emission

# SUMARTILBOÐ Á NISSAN LEAF

## 5 ÁRA ÁBYRGÐ OG **REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐAR-SKOÐANIR FYLGJA NÝJUM LEAF FYRSTU 3 ÁRIN***



**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

## NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF VISIA 30kWh**
**Verð: 3.390.000 kr.**
Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 4.090.000 kr.

*Með 3 ára ábyrgðarskoðun geta eigendur Nissan Leaf notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega. Sumartilboðið gildir ekki með öðrum afsláttum.

**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM82584

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Yfirtaka Murdochs á Sky í uppnámi

**BRETLAND** Breska ríkisstjórnin hefur lýst yfir að 21st Century Fox, fyrirtæki fjölmiðlamógúlsins Ruperts Murdoch, fái ekki að kaupa fjölmiðilinn Sky fyrr en frekari rannsókn hefur átt sér stað á yfirtökunni.

CNN greinir frá því að menningarmálaráðherrann Karen Bradley hafi sagt að yfirtakan myndi veita Murdoch-fjölskyldunni of mikil völd yfir fjölmiðlum.

Murdoch á nú þegar 39 prósenta hlut í Sky en vildi með yfirtökunni eignast eftirstandandi 61 prósents hlutinn. Forsvarsmenn Fox og Sky hafa nú frest þangað til 14. júlí næstkomandi til að svara Bradley.

Yfirtakan er metin á 15 milljarða Bandaríkjadala. – sg

## Dæmdur fyrir morðið á Boris Nemtsov

**RÚSSLAND** Zaur Dadayev var í gær dæmdur sekur fyrir morðið á rússneska stjórnarandstæðingnum Boris Nemtsov. Myrti Dadayev Nemtsov í febrúar 2015. Sagði hann að sér og fjórum öðrum Téténum hefðu verið boðnar 25 milljónir króna fyrir að myrða Nemtsov. Mennirnir fjórir voru einnig dæmdir fyrir að vera vitorðsmenn morðingjans.

BBC greinir frá að fjölskylda Nemtsov og vinir óttist að aldrei verði upplýst hver fyrirskipaði morðið. - þea

# Þýskalandskanslari í beinni andstöðu við Bandaríkjaforseta

**Loftslagsmálin verða í forgangi á fundi G20 ríkjanna. Þetta hefur Þýskalandskanslari ákveðið. Forseti Bandaríkjanna verður eini fundargesturinn sem vill ekki taka þátt í Parísarsamkomulaginu. Kanslarann og forseta Tyrklands greinir einnig á en forsetinn vill halda fund með stuðningsmönnum sínum í Þýskalandi.**

**ÞÝSKALAND** Árlegur fundur leiðtoga G20 ríkjanna mun að mestu snúast um hvernig hægt sé að byggja ofan á þann grunn sem Parísarsamkomulagið er og baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Þetta sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, á þingfundi í gær. Þjóðverjar eru gestgjafar fundarins sem fer fram 7. og 8. júlí. Venja er fyrir því að gestgjafinn ákveði forgangsatriði fundarins.

Fundurinn gæti þar af leiðandi orðið nokkuð einkennilegur fyrir Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, sem tilkynnti á dögunum að hann myndi draga ríki sitt út úr samkomulaginu. Viðurkenndi Merkel þetta fyrir þinginu. Hún sagði þó að baráttan gegn loftslagsbreytingum væri forgangsmál fyrir Evrópuþjóðir.

„Ágreiningsmálin eru augljós og það væri óheiðarlegt af mér að reyna að draga dul á þau. Það mun ég ekki gera,“ sagði Merkel og bætti við: „Evrópusambandið stendur við Parísarsamkomulagið og mun innleiða ákvæði þess hratt og örugglega.“

Þá sagði Merkel að ákvörðun Bandaríkjaforseta hefði þau áhrif að hún væri enn ákveðnari en áður í að tryggja að markmið Parísarsamkomulagsins verði að veruleika.



**Angela Merkel, Þýskalandskanslari, bauð Donald Tusk, forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins velkominn til Þýskalands í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Ágreiningsmálin eru augljós og það væri óheiðarlegt af mér að reyna að draga dul á þau. Það mun ég ekki gera.**
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands

Kanslarinn skaut einnig á Trump. „Þeir sem halda að vandamál heimsins megi leysa með einangrunarstefnu hafa einfaldlega rangt fyrir sér.“

Leiðtogar tuttugu ríkja sækja fundinn. Það er leiðtogar Argentínu, Ástralíu, Brasilíu, Kanada, Kína, Frakklands, Þýskalands, Indlands, Indónesíu, Ítalíu, Japans, Mexíkó, Rússlands, Sádi-Arabíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, Tyrklands, Bretlands og Bandaríkjanna auk forseta leiðtogaráðs ESB og forseta framkvæmdastjórnar ESB. Þá hefur leiðtogum Gíneu, Hollands, Noregs, Senegal, Singapúr, Spánar og Víetnam einnig verið boðið.

Bandaríkin eru eina ríkið sem sækir fundinn sem mun ekki vera hluti af Parísarsamkomulaginu. Trump er þó ekki eini leiðtoginn sem Merkel stendur í stappi við. Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, hefur nefnilega óskað eftir því að halda stuðningsmannafund með Tyrkjum í Þýskalandi.

Sigmar Gabriel, utanríkisráðherra Þýskalands, sagði í samtali við Deutsche Welle að slíkt hentaði ekki. Pólitískt landslag í Þýskalandi væri ekki rétt fyrir slíkan fund.

Fyrr á árinu var ráðherrum Erdogans meinað að halda slíka fundi í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar, sem voru síðan samþykktar og færðu Tyrkland í átt að forsetaræði. Sakaði Erdogan þá Þjóðverja um að haga sér líkt og þeir gerðu í síðari heimsstyrjöldinni. Fór svo að lokum að 63 prósent Tyrkja í Þýskalandi kusu með breytingunum en 37 prósent gegn þeim.

thorgnyr@frettabladid.is




LUKKU
TÍVOLÍS
SNÚÐU Á HEPPNINA
Á FÖSTUDÖGUM Á OLÍS!
FULLT AF VINNINGUM
ALLIR VINNA SEM SNÚA
ÖLL BÖRN FÁ ÍS*
ADALVINNINGUR
1.000.000 VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
* á meðan birgðir endast
GJAFAPOKI
APPOLO
FREYJU
Á FÖSTUDÖGUM Í SUMAR VERÐUR LUKKUHJÓL OLÍS Á VÖLDUM STÖÐVUM MILLI KL. 15 OG 17. ÓTAL SPENNANDI VINNINGAR Í BOÐI.
NÁNAR Á OLIS.IS/TIVOLIS
FÖS. 30. JÚNÍ FRÁ KL. 15–17
OLÍS NORÐLINGAHOLT
OLÍS BORGARNES
OLÍS SELFOSS
olís

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Staðfesta



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Á undanförnum mánuðum hafa íslensk stjórnvöld og Seðlabankinn gert ítrekaða atlögu að því að fá eigendur aflandskróna, sem að stærstum hluta eru bandarískir fjárfestingarsjóðir, til að selja krónueignir sínar fyrir gjaldeyri á afslætti miðað við skráð gengi. Öll sú atburðarás hefur verið með miklum ólíkindum – og grafið undan trúverðugleika stjórnvalda. Meintir afarkostir sem aflandskrónueigendum átti að vera gert að sæta hafa reynst vera án nokkurrar innstæðu.

Í byrjun mars var tilkynnt að sjóðir sem ættu 90 milljarða í aflandskrónum hefðu samþykkt að skipta á þeim fyrir evrur á genginu 137,5. Níu mánuðum áður höfðu sömu sjóðir hafnað því að taka þátt í gjaldeyrisútboði Seðlabankans, þar sem þeim hafði boðist að selja krónur sínar á genginu 190 fyrir hverja evru, og þess í stað valið að sitja fastir með fé sitt á vaxtalausum reikningum um ófyrirséðan tíma. Sjóðirnir hafa stórgrætt á þeirri ákvörðun.

Sama dag og greint var frá samkomulagi um kaup á aflandskrónueignum upp á 90 milljarða var tilkynnt að Seðlabankinn hygðist bjóða öðrum eigendum slíkra krónueigna, sem áttu aflandskrónur fyrir um 105 milljarða, sömu kjör ef þeir vildu losna með eignir sínar úr landi. Tilboðið stæði þó aðeins í tvær vikur. Annað átti eftir að koma á daginn. Þegar í ljós kom að áhugi sjóðanna á því að ganga að boði bankans reyndist takmarkaður kaus hann að grípa til þess ráðs að framlengja tímafrestinn í tvígang og rann hann að lokum út 15. júní. Vikurnar tvær urðu því að næstum þremur mánuðum. Í lok síðustu viku var upplýst um að þessi seinni atlaga skilaði því að eigendur aflandskróna upp á um 20 milljarða hefðu til viðbótar fallist á tilboð bankans um að selja á genginu 137,5 krónur fyrir hverja evru. Enn eru þó eftir aflandskrónur að fjárhæð nærri 90 milljarðar en eigendur þeirra kusu að sitja sem fastast – og bíða eftir enn betra tilboði af hálfu stjórnvalda.

Ef marka má yfirlýsingar háttsettra embættismanna í erlendum fjölmiðlum mun þeim örugglega verða að ósk sinni. Þannig taldi Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, það vera heppilega væntingastjórnun að láta hafa það eftir sér í Reuters í liðnum mánuði að „nauðsynlegt“ yrði að losa um öll höft á aflandskrónueigendur og að búast mætti við slíkum aðgerðum síðar á árinu. Með öðrum var engin ástæða fyrir aflandskrónueigendur að fallast á tilboð Seðlabankans um að selja eignir sínar með um 15 prósenta afslætti í skiptum fyrir gjaldeyri enda virðist nú þegar liggja fyrir að þeim verði hleypt úr landi innan skamms á enn hagstæðara gengi.

Ekki skal gera lítið úr þeirri staðreynd að krónan hefur styrkst umtalsvert í kjölfar útboðs Seðlabankans í júní 2016. Eftir á að hyggja voru það mistök af hálfu helstu stjórnenda bankans að fallast ekki á þeim tíma á tilboð stærstu aflandskrónueigenda um að losna út fyrir höft á genginu 165 krónur fyrir hverja evru. Miðað við núverandi stöðu þjóðarbúsins má jafnframt færa fyrir því rök að það hefði verið góð niðurstaða fyrir Ísland ef allir aflandskrónueigendur hefðu fallist á síðasta tilboð Seðlabankans. Það afsakar hins vegar ekki það fúsk sem hefur einkennt vinnubrögð bankans og stjórnvalda í þessu stóra hagsmunamáli. Það kann nefnilega yfirleitt ekki góðri lukku að stýra þegar stjórnvöld framfylgja stefnu sem felst í því að segja eitt í dag, en gera eitthvað allt annað á morgun.

**Ef marka má yfirlýsingar háttsettra embættismanna í erlendum fjölmiðlum mun þeim örugglega verða að ósk sinni.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nýju braggarnir**
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir borgarfulltrúi hefur lagt til að komið verði upp íbúðarhæfum gámum fyrir þá sem ekki fá félagslegar íbúðir. Þótt jákvætt sé að borgarfulltrúinn hugsi í lausnum (sem margir kollegar hennar gera ekki) er miður að í einu ríkasta samfélagi heims sé ekki hægt að finna fátæku fólki viðunandi húsaskjól. Umræðan um íbúðarhæfa gáma minnir óþægilega mikið á þá tíð þegar hluti landsmanna bjó í vel byggðum húsum en annar hluti í hrörlegum bröggum. Munurinn er hins vegar sá að þá var samfélagið allt miklu fátækara.

**Hinn íslenski Messi**
Það vakti athygli þegar Almar Guðmundsson var rekinn úr starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Ráðning Sigurðar Hannessonar hefur þó komið mörgum þægilega á óvart. Enginn hefur þó lýst hrifningu sinni af meiri einlægni en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem kallar nýja framkvæmdastjórann Sigurð „Messi“ Hannesson. Væntanlega með vísun í argentínska knattspyrnumanninn Lionel Messi, sem af sumum er talinn vera besti knattspyrnumaður í heimi. Hrifning Sigmundar á Sigurði þarf kannski ekki að koma á óvart enda bar hann ábyrgð á öllum helstu efnahagsaðgerðum ráðherrans fyrrverandi í ráðherratíð hans. jonhakon@frettabladid.is

## Réttindi barna – skipta þau máli?



Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna

Í tíu ár hef ég verið það lánsöm að fá að starfa sem umboðsmaður barna. Lögum samkvæmt geta þau ár ekki verið fleiri og nú er mínum tíma lokið. Þrátt fyrir söknuð yfir því að kveðja finn ég fyrir mikilli gleði. Gleði yfir því að hafa fengið tækifæri til að vera í mínu draumastarfi og sinna þeim verkefnum sem eru mér svo hugleikin. Mér finnst þó mikilvægt að regluleg endurnýjun á umboðsmanni barna eigi sér stað og því kveð ég með þakklæti og gleði í huga.

**Með jákvæðni að leiðarljósi**
Sem umboðsmaður barna hef ég alltaf reynt að hafa bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi þegar bent er á það sem betur má fara. Að mati sumra er umboðsmaður stundum of róttækur í skoðunum sínum en honum er meðal annars ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu. Á þessum mikilvægu tímamótum ákvað ég að láta útbúa skýrslu um þær áhyggjur sem ég hef við embættislokin. Skýrsluna er að finna á heimasíðu embættisins barn.is en í henni koma einnig fram hugmyndir að úrbótum. Það er von mín að skýrslan nái eyrum ríkisvaldsins og annarra sem taka ákvarðanir sem varðar börn.

**Betur má ef duga skal**
Margt brennur á mér við þessi tímamót, ýmislegt hefur áunnist en betur má ef duga skal. Víða vantar upp á viðhorfin til barna, en börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og réttindi þeirra eru ekki minni en annarra. Þegar kemur að málefnum barna virðist skortur á fjármagni einkenna málaflokkinn töluvert og væri hægt að benda á mörg mál því til stuðnings. Skýrslan er ekki tæmandi en gefur þó góðar upplýsingar um stöðuna.

Ég vil þakka öllum sem starfað hafa með embættinu síðustu tíu ár, þeim sem hafa leitað til embættisins, krökkunum sem leita til þess, ráðgjafarhópnum sem er stórkostleg uppspretta góðra mála og loks vil ég þakka mínu frábæra starfsfólki fyrir öll árin.

**Víða vantar upp á viðhorfin til barna, en börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og réttindi þeirra eru ekki minni en annarra.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Í hvaða aska eigum við að láta bókvitið?

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Skömmu eftir að ég byrjaði að búa þurfti ég að festa upp vegghillu. Ég hafði samband við vin minn og spurði hvort hann gæti lánað mér borvél. Það var auðsótt—eiginlega óþægilega auðsótt.

Ekki nóg með að hann skutlaðist með borvélina heim til mín heldur var hann óður og uppvægur að sýna mér hvernig ætti að nota hana; allt frá því hvernig hún pakkaðist upp úr töskunni, hvernig henni var stungið í samband og hvernig maður ætti að bera sig að við borunina og meira að segja hvernig réttast væri að ganga frá eftir framkvæmdirnar. Svo horfði hann á mig drykklanga stund með vaxandi vantrú og bauðst svo drýgindalega til þess að taka sjálfur að sér verkið.

**Tvær tegundir karlmanna**

Ég afþakkaði það vitaskuld. Á mínu heimili ætlaði ég að sjá um að bora í veggina. Það endaði með því að ég festi upp hillurnar og gerði öll þau mælingarmistök sem hægt er að gera—og vonaði svo að hillan sjálf væri nógu þykk til þess að hylja öll óþörfu borgötin í veggnum.

Þegar ég skilaði borvélinni og laug því blákalt að allt hefði gengið að óskum þá gerðist hinn bóngóði vinur minn íbygginn mjög og sagði: „Þú veist að það eru tvær tegundir af karlmönnum.“

„Nú, jæja?“ svaraði ég.

„Það eru þeir sem eiga borvél og þeir sem fá lánaða borvél.“ Fljótlega var ég orðin sú tegund af karlmönnum sem á borvél.

En það að eiga borvél segir auðvitað ekki mikla sögu eitt og sér. Borvélin mín er lítið notuð og í þau fáu skipti sem hún er dregin fram þá er henni beitt af fádæma ófagmennsku og klaufaskap, en þó með mikilli ánægju og stolti—því flestir njóta þess að skapa eitthvað í höndunum; jafnvel þótt það sé ekki flókið.

**Verkvit, bókvit og hugvit**

Langskólagengnir bókabéusar og skrifstofumenn eiga það til að vera heldur ósjálfbjarga þegar kemur að því að halda við og bæta heimili og húsakynni. Og það sem upp á vantar er yfirleitt ekki fólgið í líkamlegri getu eða tækjabúnaði. Mestu munar um þekkinguna, reynsluna og vitið—bæði verkvitið og hugvitið.

Það er sjaldan sem ég stend jafnmikið á gati eins og þegar iðnaðarmenn reyna að útskýra fyrir mér samspil hinna ýmsu þátta sem þeir þurfa að taka tillit til þegar þeir ákveða hvernig þeir hyggjast bera sig að við viðgerðir eða aðrar framkvæmdir. Þegar maður talar við fólk með fagþekkingu í iðngreinum þá kemst maður nefnilega fljótlega að raun um að mikilvægasta verkfærið þeirra er á milli eyrnanna og að hæft iðnaðarfólk reynir síst minna á gáfur sínar og sköpunargetu heldur en þeir sem setja saman excel-skjöl og powerpoint-kynningar alla daga.

Það er líklega í eðli skólakerfisins alls staðar að leynt eða ljóst er minna gert úr verkviti en bókviti. Það liggur í loftinu að bóknám sé besti kosturinn fyrir alla þá sem hafa hæfileika til slíks náms. Það er til að mynda talið til marks um árangur menntakerfisins ef fleiri en færri prósentur ljúka bóklegu háskólanámi og ýmsar stéttir þrýsta á um að skólaganga þeirra sé skilgreind sem háskólanám með auknum kröfum um setu á skólabekk.

> **Þegar maður talar við fólk með fagþekkingu í iðngreinum þá kemst maður nefnilega fljótlega að raun um að mikilvægasta verkfærið þeirra er á milli eyrnanna.**

Þetta snobb fyrir háskólagráðum hefur því bæði útvatnað þýðingu fræðilegs háskólanáms og gengisfellt þau störf sem ekki byggjast á bóknámi. Afleiðingar þessa eru meðal annars að sár skortur er á iðnmenntuðu fólki á Íslandi en mikið offramboð á fólki með ýmsar tegundir af háskólamenntun; t.d. lögfræðingum. Þar að auki er líklegt að margir hafi í raun menntað sig í áttina frá starfsvettvangi sem gæti veitt lífsfyllingu, hamingju og spennandi tækifæri til atvinnu og nýsköpunar.

**Hugur og hönd**

Verulegar breytingar á atvinnuháttum eru fyrirsjáanlegar á næstu áratugum, og áhrifa þeirra er þegar farið að gæta. Ómögulegt er að vita nákvæmlega hvert þessar breytingar munu leiða en líklega er þó óhætt að gera ráð fyrir því að mikilvægi fjölbreyttrar menntunar muni aukast og að keppikefli ætti að vera að fólki standi til boða sveigjanleiki í námi. Að auki er líklegt að konur og karlar sem hafa fjölbreyttan bakgrunn, ekki síst í iðngreinum, muni standa betur að vígi en flestir aðrir þegar fram líða stundir.

Verkvit, bókvit og hugvit þrífast ekki án hvert annars; og mestu verðmætin skapast þegar allt þrennt er til staðar. Skilningur á mikilvægi iðnmenntunar og virðing fyrir slíkri menntun er því algjör undirstaða áframhaldandi framfara og uppbyggingar. Ef enginn kann lengur að búa til askana þá er hætt við að bókvitið spillist og verði fáum til gagns.







# FULLELDUÐ GRÍSARIF
## -ÞARF AÐEINS AÐ HITA




**FULLELDUÐ GRÍSARIF**
**999 kr/kg**
verð áður 1.299

Gildir til 2. júlí á meðan birgðir endast.

Nýtt í Hagkaup



349 kr/stk

**RXbar**
3 eggjahvítur, 6 möndlur, 4 kasjúhnetur,
2 döðlur og ekkert kjaftæði!

149 kr/stk
199 kr/stk




**Zevia kaloríulaust gos**
Enginn sykur. Engin gervisæta. Með stevíu.

Nýjungar




599 kr/pk

**Joe&Seph´s sælkerapopp**
Peanut Butter & Chocolate Caramel, Mojito, Gin & Tonic, French Camabert og Strawberry Cheesecake.

Nýtt í Hagkaup




499 kr/stk

**Chocolove XOXOX**
Hágæða súkkulaði sem bragð er af.

Nýtt í Hagkaup




998 kr/stk

**ProPud ís**
Próteinís án viðbætts sykurs. Laktósafrír.




649 kr/stk

**Guy Fieri BBQ sósur**
Grillaðu með verðlaunasósum Guy Fieri.

## MEZZETTA

**Glæsilegt úrval af pipar, smyrjum og Hot Sauce.**
**Gott á pizzuna, í salatið og pastað.**




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa



## ÚRBEINUÐ KJUKLINGALÆRI
1.869 kr/kg
verð áður 2.199

Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



## KJÚKLINGA-LEGGIR
699 kr/kg
verð áður 999

Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa



## KJÚKLINGA-LUNDIR
1.869 kr/kg
verð áður 2.199

ÍSLANDS LAMB

kryddlegnar



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

## LÆRISSNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI
2.474 kr/kg
verð áður 3.299

SS



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

## ÍTALSKT MARINERAÐ LAMBAPRIME
3.749 kr/kg
verð áður 4.999




## VERT ÞÚ GRILLMEISTARINN

Einstakt BBQ-reykbragð fyrir alla grillrétti. Veljið á milli nokkurra reykblanda í handhægum reykbökkum - tilbúið til notkunar á grillinu.



199 kr/stk

Uppskriftir og kennslumyndband á www. smokeitall.dk

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Skrautlegt skorkort á fyrsta hring á risamóti hjá Ólafíu Þórunni



**Söguleg stund** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir endurskrifaði íslenska golfsögu í gær er hún varð fyrsti íslenski kylfingurinn sem tekur þátt á risamóti. Hún kom í hús á 74 höggum eða þremur höggum yfir pari. Það skor setur hana í neðri helminginn. Ólafía var þó lengi með efstu konum þar sem hún var með efstu konum eftir átta holur á tveimur höggum undir pari. Henni fataðist svo flugið á seinni níu holunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mikilvægt skref fyrir framtíðina

**Olísdeildir karla og kvenna fá stóraukna umfjöllun á næstu leiktíð en HSÍ, Olís og 365 undirrituðu í gær samning þess efnis að útsendingar frá handboltanum færast á Stöð 2 Sport. Nýr þáttur verður á dagskrá.**

**HANDBOLTI** „Þetta er gleðidagur,“ segir Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands, um nýjan samstarfssamning HSÍ, Olís og 365 sem felur í sér stóraukna umfjöllun um Olísdeildir karla og kvenna.

Í gær var undirritaður samningur á milli þessara þriggja aðila sem færir deildakeppnina í handboltanum og úrslitakeppnina yfir á Stöð 2 Sport en 22 ár eru síðan 365 var síðast með handboltann.

Beinum útsendingum mun fjölga verulega í karla- og kvennadeildinni. Tveir leikir að lágmarki verða í beinni hjá körlunum í hverri umferð og einn hjá konunum. Í sérstökum uppgjörsþætti í anda þess sem Stöð 2 Sport hefur verið með í fótboltanum og körfuboltanum er hver umferð svo gerð upp.



Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, og Ingibjörg Pálmadóttir, stjórnarformaður 365. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Markmið okkar til langs tíma er að fjölga iðkendum og búa til framtíðarstjörnur og landsliðsmenn.
>
> Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ

### Mikilvægt skref

„Þetta er mjög mikilvægt fyrir handboltann. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að vera búnir að tryggja umfjöllun og auglýsingasamning til næstu þriggja ára. Við erum mjög heppnir að vera með jafnsterkan aðila og Olís á bakvið okkur og við eigum von á því að mótið á næsta ári verði flott og vel auglýst,“ segir Róbert Geir.

Tímapunkturinn til að taka þetta skref segir Róbert að sé fullkominn þar sem ógnarsterkir leikmenn hafi flykkst heim bæði í Olís-deild karla og kvenna.

„Við vildum auka umfjöllun mikið um handbolta og efla hana. Deildin er að okkar mati alveg gríðarlega sterk þar sem við erum að fá atvinnu- og landsliðsmenn aftur heim. Því var tímapunkturinn góður fyrir okkur núna að gera nýjan samning og auka umfjöllunina.“

### Góðir leikdagar

Olís-deild karla hefur til langs tíma aðallega verið spiluð á fimmtudagskvöldum og stelpurnar hafa spilað á laugardögum. Nú fara leikir karlanna fram á sunnudögum og mánudögum, sjónvarpsleikur stelpnanna verður á sunnudögum og kvennaumferðin klárast svo á þriðjudögum. Róbert segir þessa breytingu á leikdögum ekki hafa komið illa við félögin.

„Við upplýstum formennina í deildinni um hvert við stefndum og almennt séð er mikil ánægja með þennan nýjan samning. Það er mikil sátt um hvert við erum að stefna,“ segir framkvæmdastjórinn sem er sjálfur spenntur fyrir þessari breytingu.

„Ég held að þessir leikdagar séu mjög góðir. Sunnudagar, mánudagar og þriðjudagar eru dagar sem eru lítið notaðir í öðru sporti. Það var engin pressa á okkur að taka þessa leikdaga, þetta var val frá okkur. Við erum búin að ræða þetta við félögin og almennt séð eru miklar og góðar undirtektir við þessum leikdögum.“

### Langtímamarkmiðið

Umfjöllun um Olís-deildirnar verður ekki bara áberandi í sjónvarpi 365 heldur á öllum miðlum. Róbert segir þetta allt mikilvægt fyrir framtíð handboltans og styður þetta við framtíðaráform HSÍ sem þarf vitaskuld að horfa til fleiri hluta en bara umfjöllunar um deildina.

„Fyrst og fremst erum við að fá aukna umfjöllun um íþróttina og ná að markaðssetja hana enn betur. Markmið okkar til langs tíma er að fjölga iðkendum og búa til framtíðarstjörnur og landsliðsmenn. Ég held að þessi samningur sé mjög góður hvað það varðar,“ segir Róbert Geir Gíslason. tomas@365.is

## Nýjast

**Evrópudeild UEFA**

| | |
|---|---|
| **Ventspils - Valur** | **0-0** |
| **KR - SJK** | **0-0** |
| **Stjarnan - Shamrock** | **0-1** |
| 0-1 Gary Shaw (38.). | |

**Borgunarbikar karla**

| | |
|---|---|
| **Fylkir - FH** | **0-1** |
| 0-1 Halldór Orri Björnsson (87.). | |

**Inkasso-deildin**

| | |
|---|---|
| **ÍR - Leiknir R.** | **1-1** |
| 0-1 Kolbeinn Kárason (34.), 1-1 Hilmar Þór Kárason (84.). | |
| **Grótta - Keflavík** | **0-1** |
| 0-1 Adam Árni Róbertsson (60.). | |

### ÞÝSKALAND Í ÚRSLIT

Það verða Þýskaland og Síle sem mætast í úrslitaleik Álfukeppninnar. Þýskaland lagði Mexíkó, 4-1, í síðari undanúrslitaleiknum.

Það tók Þjóðverja í raun ekki nema átta mínútur að ganga frá leiknum. Þá var Leon Goretzka, leikmaður Schalke búinn að skora í tvígang fyrir þýska liðið.

Timo Werner skoraði svo þriðja mark Þjóðverja hálftíma fyrir leikslok og gekk endanlega frá málinu.

Það var stuð á lokamínútunum. Marco Fabian minnkaði muninn í 3-1 á 89. mínútur en Amin Younes skoraði fjórða mark Þjóðverja aðeins tveim mínútum síðar.

### RUGL, ÞESSI VERÐMIÐI

Fjörutíu milljóna punda verðmiðinn sem Swansea City hefur sett á Gylfa Þór Sigurðsson er til marks um það hversu brjálaður félagaskiptamarkaðurinn er orðinn. Þetta segir Nick Elliott í pistli fyrir vefsíðuna Dream Team, sem er hluti af The Sun.

Elliott er afar hrifinn af Gylfa og segir að tímabil eftir tímabil sýni íslenski landsliðsmaðurinn hversu góður hann er og hann eigi skilið að spila fyrir stærra félag en Swansea.

Elliott segir samt að 40 milljónir punda sé gríðarlega há upphæð en svona sé markaðurinn orðinn í dag. Hann nefnir að félagaskipti Pauls Pogba síðasta sumar, þegar Manchester United gerði hann að dýrasta leikmanni allra tíma, hafi breytt því hvernig félög verðleggi sína leikmenn.

„Ef Pogba var rétt tæplega 90 milljóna virði af hverju ætti Swansea ekki að biðja um 40 milljónir punda fyrir sína aðalstjörnu? Af hverju ekki 60 milljónir punda?“ skrifar Elliott.



Þrátt fyrir þennan háa verðmiða segir Elliott að Leicester City, sem hefur verið orðað sterklega við Gylfa, að það geti vel farið svo að Leicester borgi þessa upphæð fyrir íslenska landsliðsmanninn.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.30 | PGA meist. kvenna | Golfst. |
| 19.30 | Quicken Loans | Golfstöðin |
| 21.45 | 1 á 1 | Sport |

**Inkasso-deildin:**

| | |
|---|---|
| 19.15 | Selfoss - Fram |
| 19.15 | Þór - HK |

BORGUNAR BIKARINN




ÍBV

*Víkingar fjölmennum!*

# 8 LIÐA ÚRSLIT - VÍKINGSVÖLLUR

## Sunnudaginn 2. júlí kl. 17.00

## Miðasala á Tix.is


EIMSKIP

TVG-ZIMSEN

Kultur menn

Grillhúsið

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

macron

Ljósblik rafverktakar



✝

Ástkæri bróðir okkar,

**Einar Hólm Jónsson**

lést á sjúkrahúsi Stykkishólms 25. júní. Útför fer fram frá Stykkishólmskirkju þriðjudaginn 4. júlí kl. 13.

Þökkum starfsfólki sjúkrahúss Stykkishólms og dvalarheimilisins Silfurtúns, Búðardal, fyrir yndislega umhyggju og hlýhug.

**Hilmar Jónsson og fjölskylda**
**Kristinn Jónsson og fjölskylda**
**Svanur Jónsson og fjölskylda**



✝

Elskuleg dóttir okkar, systir og mágkona,

**Lilja Sturludóttir**

skrifstofustjóri, Bólstaðarhlíð 16,

lést í Reykjavík 22. júní. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju, fimmtudaginn 6. júlí, klukkan 16. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða líknarfélög.

**Sturla Þórðarson** **Ásta Garðarsdóttir**
**Kjartan Sturluson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Halldór Sturluson** **Heba Eir Kjeld Jónasdóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét J. Helgadóttir**

Norðurvangi 8, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 18. júní á kvennadeild Landspítalans. Útförin fer fram í Víðistaðakirkju, mánudaginn 3. júlí klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið og Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans.

**Hjörtur Á. Ingólfsson**
**Jóhanna Inga Hjartardóttir** **Halldór Jörgen Gunnarsson**
**Jónas Friðrik Hjartarson** **Ólöf Björk Halldórsdóttir**
**Hjördís Ósk Hjartardóttir** **Baldur Páll Guðmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

**Kolbrún Jósepsdóttir**

Hraunbæ 108,

lést á kvennadeild Landspítalans 7. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hennar.

**Kristín Stefánsdóttir**
**Stefán Egilsson**
**Kristín Ellý Egilsdóttir** **Grétar Baldursson**
**Hrafnhildur Egilsdóttir** **Halldór Bergdal Baldursson**
**Elísabet Egilsdóttir** **Kristján V. Halldórsson**
**Guðmunda Egilsdóttir** **Stefán G. Stefánsson**
**Egill Egilsson**
**ættingjar og vinir.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Kristinsdóttir**

sjúkraliði,

lést á heimili sínu föstudaginn 23. júní. Jarðarförin fer fram í Neskirkju þriðjudaginn 4. júlí, klukkan 13.

Þeim, sem vildu minnast hennar, er bent á Meltingar- og nýrnadeild Landspítalans 12E. (Reikningur: 0301-13-113033, kennitala: 270349-3749.) Kærar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans, einkum á 11D (Speglun), 12E og Heimahlynningu fyrir alúð og umhyggju.

**Jón Torfason**
**Sigfríð Sigurðardóttir** **Þröstur Sigurðsson**
**Erna Kristín Sigurðardóttir**
**Torfi Stefán Jónsson** **Margrét A. Markúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Áhorfendur fá að hlýða á söng og syngja sjálfir

**Á morgun hefst Sönghátíð í Hafnarborg sem er ný tónlistarhátíð sem stendur yfir í níu daga. Hátíðin er helguð klassískri sönglist, ljóða- og óperusöng og markmið hennar er meðal annars að auka almenna þekkingu á list raddarinnar með bæði tónleikum og námskeiðum.**

Mezzósópransöngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir segir flestallt sönghugafólk eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Sönghátíðinni í Hafnarborg. „Þetta er hátíð þar sem röddin fær að njóta sín. Þetta er svolítið óvenjuleg hátíð hér á Íslandi því hún er blanda af fimm söngtónleikum og fjórum námskeiðum, þetta er líka mikil námskeiðahátíð,“ segir Guðrún um þessa nýju söngveislu sem Sönghátíðin í Hafnarborg er.

„Með hátíðinni langaði okkur að veita fólki tækifæri til að sjá fyrsta flokks söngvara í návígi og líka að uppgötva röddina í sjálfu sér á námskeiðum.“ Spurð nánar út í námskeiðin sem verða í boði segir Guðrún: „Á hátíðinni verður haldið söngnámskeið fyrir áhugafólk, master class-námskeið fyrir þá sem eru lengra komnir, jóganámskeið fyrir söngvara og svo tónlistarnámskeið fyrir börn. Þannig að þessi hátíð er fyrir fólk á aldrinum 6 ára og upp úr.“

Fjölbreyttur hópur söngvara kemur fram á Sönghátíðinni í Hafnarborg og fyrstur ríður á vaðið Kristinn Sigmundsson sem er mikill reynslubolti. „Hann kemur fram á opnunartónleikunum. Það er mikill lúxus að fá að hlusta á hann í návígi,“ segir Guðrún.

„Svo kemur fram ein af okkar virtustu og reyndustu söngkonum, Þóra Einarsdóttir sópran. Hún verður með master-class-námskeiðið sem stendur yfir í fjóra daga og námskeiðinu lýkur svo með tónleikum þar sem Þóra og nemendurnir koma fram. Þar getur fólk séð ávöxt vinnunnar.

Svo mun Dísella Lárusdóttir sópransöngkona koma fram. Hún er búin að vera að syngja við Metropolitan í New York og er nýbúin að debútera í Evrópu í Óperuhúsinu í Róm. Þar var hún í erfiðu hlutverki og var kölluð fram tíu sinnum eftir óperusýninguna, hún sló alveg í gegn. Hún mun syngja á lokatónleikum hátíðarinnar en svo munum við líka koma tvær saman á tónleikum á föstudaginn og ég mun bregða mér þar í hlutverk Róméós. Við munum syngja eitt fallegasta rifrildi sem skrifað hefur verið. Það er úr óperunni I Capuleti e i Montecchi eftir Bellini.“

Dæmi um aðra söngvara og hljóðfæraleikara sem koma fram á hátíðinni eru Hallveig Rúnarsdóttir, Hrönn Þráinsdóttir, Guja Sandholt, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Matthildur Anna Gísladóttir og Francisco Javier Jáuregui. Og eins og áður sagði munu einnig nemendur sýna afrakstur námskeiða hátíðarinnar.

„Á lokatónleikunum muna börnin úr tónlistarsmiðjunni til dæmis koma fram. Hugmyndin er að gefa börnunum tækifæri til að fá góða þjálfun í vikulangri tónlistarsmiðju og koma svo fram á tónleikum sjálf.“

Guðrún segir áhorfendur þá fá tækifæri til að þenja raddböndin sjálf á lokatónleikum. „Hátíðinni lýkur á fjöldasöng, við dreifum þá textunum út og bjóðum fólki að syngja með okkur.“

Að lokum bendir Guðrún áhugasömum á að kynna sér dagskrána nánar á vef hátíðarinnar, songhatid.is.

**gudnyhronn@365.is**



**Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mun bregða sér í hlutverk Róméós á Sönghátíð í Hafnarborg en auk hennar kemur fram fjöldi hæfileikaríkra listamanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



✝

Við sendum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Þóru Þorsteinsdóttur**

áður til heimilis að Bogatúni 38, Hellu.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Lundi fyrir elskulegheit og umhyggju.

**Óskar Haraldsson og fjölskylda.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

**Sigurjón Hannesson**

fv. skipherra, Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ,

sem andaðist laugardaginn 24. júní sl. verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju mánudaginn 3. júlí kl. 15.00.

**Maggý Björg Jónsdóttir**
**Jóhann Sigurjónsson** **Ásta Hilmarsdóttir**
**Ólafur G. Sigurjónsson** **Lilja Guðbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku, hjartans drengurinn okkar, sonur, bróðir og barnabarn,

**Ragnar Emil Hallgrímsson**

Kvistavöllum, Hafnarfirði,

sem lést á Barnaspítala Hringsins 25. júní 2017, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 30. júní kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en ef þið viljið minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins og FSMA félagið á Íslandi.

**Aldís Sigurðardóttir** **Hallgrímur Guðmundsson**
**Guðmundur Freyr Hallgrímss.** **Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir**
**Silja Katrín Hallgrímsdóttir** **Sigurður Sindri Hallgrímss.**
**Ragnhildur G. Harðardóttir** **Sigurður G. Þorláksson**
**Áslaug F. Rafnsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Guðmundur J. Hallgrímsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 30. JÚNÍ 2017



# Með rödd sem hæfir risa

Kristjana Stefánsdóttir fór heim með Grímuna fyrir tónlist ársins þegar verðlaunin voru veitt í júní. Hún er afar stolt af þessari viðurkenningu en Blái hnötturinn fékk flest verðlaun á Grímunni, eða fjögur.

MYND/ERNIR



**Eva Laufey heldur áfram að framkalla girnilega rétti fyrir áhorfendur Stöðvar 2. Uppskriftirnar má sjá hér.**

matur ➜6



Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Blái hnötturinn hefur slegið í gegn í Borgarleikhúsinu og tónlist Kristjönu í verkinu er sungin á flestum barnaskólum landsins. „Það líður varla sú vika að ég fái ekki senda upptöku af barni að syngja lagið Sautján þúsund sólargeislar. Það bræðir hjarta mitt,“ segir Kristjana sem hefur verið leiðandi söngkona í íslenskri djasstónlist um árabil. Hún starfar sem tónlistarstjóri og útsetjari í Borgarleikhúsinu. „Ég var eina konan í hópi þeirra sem tilnefndir voru fyrir tónlist ársins og mér þótti mjög vænt um að fá verðlaunin,“ segir hún. „Það var biluð vinna að gera þennan söngleik þannig að þetta var frábært.“

Blái hnötturinn er unninn eftir handriti Andra Snæs Magnasonar frá því að það var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 2001 en það var Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, sem fékk þá hugmynd að setja verkið upp aftur. „Kristín kom að máli við okkur Berg Þór Ingólfsson og bað okkur að skoða handrit Bláa hnattarins en sýningar á verkinu hafa farið um allan heim. Við fengum frjálsar hendur með uppsetninguna sem endaði í söngleik með börnum sem aðalleikurum. Það komu mörg börn í prufur en við eigum nú þegar reynslumikla unga leikara sem hafa leikið í hinum ýmsu sýningum, eins og Billy Elliot, Óvitum, Mary Poppins og fleirum. Í sýningunni eru 23 börn svo þetta var viðamikið verkefni en skemmtilegt,“ segir Kristjana en hún hlaut einnig Grímuna ásamt fleirum árið 2010 fyrir sýninguna Jesús litli sem sýnd hefur verið í Borgarleikhúsinu við miklar vinsældir. Þá var hún tilnefnd í tveimur flokkum Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár, Söngkona ársins og Plata ársins, leiksviðs- og kvikmyndatónlist, ásamt Bergi Þór Ingólfssyni.



Kristjana Stefánsdóttir er mikill listamaður. Hún semur tónlist fyrir hin ýmsu leikverk í Borgarleikhúsinu. MYND/ERNIR

## Hressandi samband

Kristjana er þessa stundina í sumarfríi frá leikhúsinu en hefur undanfarið ferðast um landið ásamt Svavari Knúti tónlistarmanni undir yfirskriftinni Firðir og firnindi en þau hafa farið í slíkar tónleikaferðir frá árinu 2008 og ávallt verið vel tekið. Kristjana og Svavar Knútur gáfu út plötuna Glæður árið 2011 sem seldist upp á stuttum tíma. Kristjana hefur gefið út fjölmargar plötur á ferlinum, bæði sjálf og með öðrum. „Samstarf okkar Svavars hefur verið fallegt. Við hittumst tvisvar á ári og gerum eitthvað skemmtilegt saman, á sumrin og fyrir jólin. Raddirnar okkar renna saman eins og smjör. Það er gaman að vinna með Svavari Knúti sem er einstakur listamaður og stórkostlegur karakter. Í næstu viku förum við norður til Dalvíkur, Siglufjarðar og Akureyrar.“



Kristjana með systur sinni, Ragnheiði Blöndal.



Kristjana og dóttir hennar, Lóa.

## Bambaló syngur

Kristjana segist ganga með margar hugmyndir í maganum sem hana langar til leggja meiri vinnu við á næstunni. „Ég er alltaf að semja tónlist. Ég gaf út plötuna Ófelíu í október en hef ekki haft nægan tíma til að fylgja henni eftir. Mig langar til að syngja lögin meira af þeirri plötu. Ég er gamaldags og sem alla mína tónlist á píanó þrátt fyrir alla þessa nýju og frábæru tækni sem er í boði í dag. Ég vil líta á mig sem alhliða tónlistarmann þótt ég sé kannski ennþá þekktust fyrir djassinn,“ segir hún en Kristjana hefur margoft komið fram með Stórsveit Reykjavíkur í Hörpu. Hún hefur á undanförnum árum samið tónlist fyrir fjórar leiksýningar og það eru fleiri í pípunum. Á plötunni Ófelía notast Kristjana við gælunafnið sitt Bambaló en faðir hennar notaði það nafn á hana þegar hún var lítil.

## Á sveitaböllum

Ferill Kristjönu spannar langan tíma. Vorið 2000 lauk hún námi í djasssöng frá Konunglega Listaháskólanum í Haag í Hollandi. Áður hafði hún lokið námi við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Diddúar, Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, og Sigríðar Ellu Magnúsdóttur. Hún hefur nokkrum sinnum verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir plötur sínar. Kristjana er alin upp á Selfossi frá sjö ára aldri. „Ég held að áhugi á tónlist hafi vaknað þegar ég var mjög ung og það kom aldrei annað til greina en að fara þessa leið í lífinu,“ segir hún. „Ég byrjaði í barnakór á Selfossi og hélt síðan áfram í kór Fjölbrautaskóla Suðurlands. Minn fyrsti lærifaðir var Jón Ingi Sigurmundsson sem var stjórnandi kórsins. Ég lærði mikið af honum og fékk hvatningu. Það hefur alltaf verið mikil tónlistarstemning á Selfossi og þaðan hafa komið þekktar hljómsveitar, má þar til dæmis nefna Mána og Skítamóral. Það er fullt af góðum tónlistarmönnum sem koma frá Selfossi, til dæmis krakkarnir í Kiriyama Family. Tónlistarskólinn á Selfossi er öflugur og kórastarf í miklum blóma,“ segir Kristjana.

Þegar hún var á átjánda ári hóf hún feril sinn opinberlega með hljómsveitinni Lótus. Síðan lá leiðin í hljómsveit með Labba í Mánum og fleirum sem nefndist Karma og var gríðarlega vinsæl á sveitaböllunum. „Við vorum stundum með fjögur böll á viku. Það var mikill skóli fyrir mig. Ég er alin upp hjá einstæðri móður og ekki voru alltaf miklir peningar á heimilinu. Sveitaböllin gáfu svo vel af sér að ég gat greitt sjálf fyrir námið mitt. Ég kláraði stúdentspróf og burtfararpróf frá Söngskóla Reykjavíkur og hélt síðan til Hollands þar sem ég lauk bachelorgráðu í tónlist og kennslufræðum. Ég hef alltaf séð fyrir mér að ferðast um heiminn með tónlistina mína. Mér hefur alltaf þótt einstaklega skemmtilegt að ferðast. Örlögin leiddu mig þó í leikhúsið sem hefur reyndar líka alltaf heillað mig. Ég var virkur meðlimur í leikfélagi Selfoss þegar ég var krakki. Leiklistin höfðaði mikið til mín en ég komst hvorki lönd né strönd í prufum,“ segir hún og hlær.

> Ég er alltaf að semja tónlist. Ég gaf út plötuna Ófelíu í október en hef ekki haft nægan tíma til að fylgja henni eftir. Mig langar til að syngja lögin meira af þeirri plötu.
>
> Kristjana Stefánsdóttir

## Á fullu í ræktinni

Kristjana hefur verið að taka sig í gegn að undanförnu með einkaþjálfara. „Ég tók mig til eftir hlé og finnst það æðislegt. Það hefur verið annasamur tími í leikhúsinu en nú ætla ég að gera eitthvað fyrir sjálfa mig. Ég á stórafmæli á næsta ári og ætla að vera í betra formi þá,“ segir Kristjana sem verður fimmtug 25. maí 2018 og ætlar kannski að halda upp á það. „Það gætu orðið tónleikar eða bara gott partí,“ segir Kristjana sem á eina 14 ára nýfermda dóttur, Lóu. Þær mæðgur ætla að skreppa í sólarlandaferð síðar í mánuðinum. „Það verður æðislegt að slappa af og njóta lífsins. Eiginlega löngu kominn tími á það. Ætli maður ferðist ekki líka eitthvað innanlands með tjaldið,“ segir hún.

Þegar Kristjana er spurð um áhugamálin segist hún vera dugleg að fara á tónleika. „Útivera heillar mig mikið. Ég labbaði Laugaveginn árið 2008 og mig langar að fara á fleiri fjöll. Ferðalög til útlanda eru líka áhugamál og að elda góðan mat. Ég er ágætis kokkur og finnst gaman að halda matarboð,“ segir Kristjana sem mun syngja á Jómfrúnni 15. júlí áður en hún flýgur á vit sólarinnar. Bubbi Morthens bloggaði eitt sinn eftir að hafa unnið að plötu með Kristjönu. „Hún er risi í íslenskum djasssöng, hún hefur rödd sem hæfir risa, hjarta sem hæfir risa, auðmýkt sem hæfir risa og elsku sem hæfir risa.“ Þegar Kristjana er spurð um þessi orð, svarar hún: „Mér þótti mjög vænt um þessi orð. Ég fékk þann heiður að vinna með Bubba á þremur af hans plötum og mér finnst alltaf jafngaman að vinna með honum.“



Kristjana með börnunum í Bláa hnettinum á degi rauða nefsins fyrir Unicef.









**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


STÓR-
ÚTSALA
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




Gangurinn fyrir og eftir. Hver einasti flötur var málaður með pensli.



Hjónin sjá fram á sæludaga í sumarbústaðnum eftir þrotlausa málningarvinnu undanfarnar helgar. MYNDIR/INGUNN HALLGRÍMSDÓTTIR

# Bústaðurinn eins og nýr

## Ingunn Hallgrímsdóttir og Hlynur Jónsson tóku sumarbústaðinn sinn í gegn með málningarpensil að vopni.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Við keyptum bústaðinn að fullu í vor en ég hafði átt helming í honum í mörg ár. Okkur langaði að fríska upp á hann og höfum verið að hverja einustu helgi frá því í mars,“ segir Ingunn Hallgrímsdóttir en hún og eiginmaður hennar, Hlynur Jónsson, gerbreyttu sumarbústaðnum að innan með pensil að vopni.

„Þetta er eins og annar bústaður. Við grunnuðum vel á undan og máluðum svo tvær til þrjár umferðir á hvern einasta flöt í húsinu, með pensli. Aðeins á plöturnar milli bita í loftinu á neðri hæðinni komumst við að með rúllu. Á sjálfa bitana þurfti fjórar umferðir. Það fóru einnig fleiri túbur af kítti en Hlynur er afar vandvirkur og kíttaði í hverja einustu sprungu. Hann er einn af þessum þúsundþjalasmiðum, annars væri þetta ekki hægt,“ segir Ingunn.



Ingunn og Hlynur segjast alltaf sammála um val á litum og húsgögnum.

Strax í upphafi verks var ákveðið að kosta eins litlu til við framkvæmdirnar og hægt væri. Þó þurfti að skipta út skápum í eldhúsinu og en Ingunn og Hlynur nýttu sér sölusíður á netinu og nytjamarkaði.

„Við notuðum allt sem hægt var að nota og keyptum annað eins ódýrt og við gátum. Við fundum til dæmis eldhúsinnréttingu á Bland sem fékkst gefins gegn því að við tækjum hana niður. Við keyptum tækin líka á Bland og einnig rúmgafl og náttborð. Eldhússtólana keyptum við á nytjamarkaði, máluðum þá og keyptum nýjar pullur. Við skiptum um fætur á eldhúsborðinu og parketlögðum borðplötuna, máluðum gamlan veggskáp í stofunni hvítan og færðum í eldhúsið. Við erum sem betur fer með nákvæmleg sama smekk og fullkomlega sammála um liti og húsgögn,“ segir Ingunn. Eftir annasamar helgar í vor geta þau loks slappað af í bústaðnum.

„Reyndar þurfum við að mála húsið okkar í bænum að utan í sumar. Það tekur beint við. Hlynur þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni.“




Tvær til þrjár umferðir voru farnar á alla fleti í húsinu. Á bitana í loftinu þurfti fjórar umferðir. „Þetta er eins og annar bústaður.“




Ljós málningin gjörbreytir rýminu.



SAGE

# X

## TÍMAMÓTA FLUGUSTÖNG




VEIÐIHORNIÐ

2010 - 2015
Framúrskarandi fyrirtæki 6 ár í röð

TRAUST
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
FRÁ 1998

SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS

SAGEFLYFISH.COM

SAGE

# Borgari, taco og loka

## Lokaþáttur Í eldhúsi Evu var sýndur á Stöð 2 í gærkvöldi. Heimalagaður skyndibiti var þemað og sýndi Eva Laufey hvernig töfra má fram girnilegt laxa-taco, ljúfa kjúklingaloku og safaríkan pulled pork hamborgara.

**Í eldhúsi Evu**

Eva Laufey Hermannsdóttir



### Laxa-taco

**600 – 700 g lax, skorinn í litla teninga**
**2 msk. ólífuolía**
**1 tsk. paprikukrydd**
**1 tsk. cuminkrydd**
**Salt og pipar, magn eftir smekk**
**1 hvítlauksrif**

**Við steikingu:**
**1 msk. ólífuolía**
**1 límóna**
**1 msk. sesamfræ**

Skerið laxinn í jafn stóra bita, kryddið til með kryddunum og bætið olíunni saman við. Rífið niður hvítlauk og bætið honum saman við.
Hitið ólífuolíu á pönnu, steikið fiskinn í nokkrar mínútur eða þar til hann er eldaður í gegn. Sáldrið sesamfræjum yfir fiskinn í lokin og kreistið safann úr hálfri límónu yfir fiskinn.
Blandið laxinum saman við mangósalsa og berið fram í taco-skeljum.

### Mangósalsa

**1 ferskt mangó í teningum**
**1 rauðlaukur, meðalstór finsaxaður**
**½ agúrka, smátt skorin**
**½ rauð paprika**
**1 stór tómatur, fínt skorinn**
**1 msk. finsaxaður kóríander**
**Safi og rifinn börkur af ½ límónu**
**1 tsk. gróft salt**
**Ferskmalaður svartur pipar, magn eftir smekk**

Skerið hráefnin afar smátt niður og blandið saman í skál, kryddið til með salti og pipar og kreistið safann úr límónunni yfir. Geymið salsa í kæli áður en þið berið það fram.
Hitið tacoskeljar í ofni samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum, þið getið auðvitað notað heilhveitivefjur líka. Berið laxinn fram í tacoskeljum og hellið vel af sósu yfir rétt áður en þið berið skeljarnar fram.

### Einföld kóriandersósa

**Handfylli kóríander**
**1-2 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**
**2 dl sýrður rjómi**
**Rifinn börkur af ¼ límónu**

Merjið kóríander og ólífuolíu í mortéli eða í matvinnsluvél, blandið kóríanderblöndunni saman við sýrða rjómann og rífið niður börk af límónu. Kryddið til með salti og pipar.

### Kjúklingaloka með jalepenosósu

**700 g úrbeinuð kjúklingalæri**
**200 g kornflex, mulið**
**3 – 4 msk. ólífuolía**
**150 g sýrður rjómi**
**1 – 2 msk. srirachasósa**
**2 tsk. hveiti**
**Salt og pipar**
**½ tsk. hvítlauksduft**

Blandið saman í skál, sýrða rjómanum, srirachasósunni, salti, pipar, hvítlauksdufti og hveiti. Þerrið kjúklingakjötið vel og setjið ofan í chilisósuna og veltið því næst kjúklingakjötinu upp úr muldu kornflexi. Hitið vel af olíu á pönnu og steikið kjúklinginn í ca. 2 mínútur á hvorri hlið, takið kjúklinginn varlega upp úr pönnunni og leggið í eldfast mót og setjið inn í ofn við 180°C í 20 – 22 mínútur.
Berið stökka kjúklinginn fram með jalepenosósu og fersku salati í hamborgarabrauði.

### Jalepenosósa

**2 dl majónes**
**1 dl grískt jógúrt**
**½ laukur**
**2 stilkar vorlaukur**
**1 msk. smátt söxuð steinselja**
**1 tsk. hlynsíróp**
**Salt og pipar**
**1 – 2 msk. smátt saxaður jalepeno (magn fer eftir smekk)**

Skerið niður vorlauk, steinselju og lauk, setjið í skál og blandið majónesi og grísku jógúrti saman við. Kryddið til með salti og pipar ásamt skvettu af hlynsírópi. Bætið jalepeno saman við í lokin og það er ágætt að bæta honum smám saman við, setjið lítið af honum til að byrja með og vinnið ykkur svo upp ef þið viljið sterkari sósu. Þið getið annaðhvort hrært sósuna saman í skál eða maukað með töfrasprota eða í matvinnsluvél.



Hamborgarar með hægelduðu svínakjöti.



Laxa-taco með mangósalsa.



Girnileg kjúklingaloka með jalapenosósu.

### Pulled pork hamborgarar með hrásalati

**Hamborgarabrauð**

**470 g hveiti**
**3 tsk. þurrger**
**1 tsk. hunang**
**250 g volgt vatn**
**1 tsk. salt**
**1 dl ólífuolía**
**1 egg, pískað**

**Ofan á:**
**Egg**
**Sesamfræ**

Setjið þurrger og hunang út í volgt vatn og hrærið, um leið og það byrjar að freyða í skálinni er gerblandan tilbúin og þá má bæta hveitinu, saltinu, pískuðu eggi og ólífuolíu saman við. Þegar deigið er orðið þétt og fint þá stráið þið hveiti á borðflöt og hnoðið deigið, setjið deigið í hreina skál og leyfið því að hefast í um það bil klukkustund eða þar til það hefur tvöfaldast að stærð.
Skiptið deiginu í jafnstóra bita og mótið hvern bita í kúlu, leggið þær síðan á pappírsklædda ofnplötu og penslið eggi yfir ásamt því að sáldra sesamfræjum yfir bollurnar rétt í lokin. Bakið við 210°C í 15-18 mínútur eða þar til hamborgarabrauðin eru orðin gullinbrún.

» Hellið bjórnum í pottinn og leyfið sósunni að ná suðu. Setjið lok á pottinn og setjið inn í ofn og eldið í 3-6 klst. (því lengur, því mýkra verður kjötið) við 140°C.

### Pulled pork – hægeldað svínakjöt

**700-800 g úrbeinaður svínahnakki**
**1 tsk. paprikukrydd**
**1 tsk. cuminkrydd**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**Salt og pipar, magn eftir smekk, ca. 1 tsk. af hvoru**
**1 laukur**
**1 msk. ólífuolía**
**2 dl bbq-sósa**
**200 ml bjór**

Hitið olíu í potti, kryddið kjötið með kryddunum. Brúnið kjötið á öllum hliðum, skerið niður lauk og bætið lauknum og bbq-sósunni út í pottinn. Hellið bjórnum í pottinn og leyfið sósunni að ná suðu. Setjið lok á pottinn og setjið inn í ofn og eldið í 3-6 klukkustundir (því lengur, því mýkra verður kjötið) við 140°C.
Þegar kjötið er tilbúið er það rifið niður og meiri bbq-sósu er bætt við, magnið fer eftir smekk.

### Hrásalat með chili-majónesi

**2 dl majónes**
**1-2 msk. chilimauk, magn eftir smekk**
**Salt og pipar**
**½ höfuð ferskt rauðkál**
**4 gulrætur**
**Handfylli spínat**
**2 msk. kóríander**
**Safi úr hálfri límónu**
**Salt og pipar**

Blandið majónesi og chilimauki saman og kryddið til með salti og pipar.
Rífið niður ferskt rauðkál og gulrætur, saxið niður spínat og kóríander og blandið öllum hráefnum saman í skál. Kreistið safann úr límónu yfir og kryddið til með salti og pipar. Berið fram með hamborgurunum.












# Hafðu AKU® með í valinu

## AKU SUPERALP GTX | 32.900 kr.

**Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.**

**Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum**




„Finndu okkur á Facebook"

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

GG•sport




Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

# Heldur mest upp á íslenska lambið

Böðvar Darri Lemacks nýtur þess að grilla og þá verður lambið oft fyrir valinu, kjúklingalæri og keila. Hann mun standa vaktina á KRÖST sem verður opnað á Hlemmi Matarhöll í sumar.



Matreiðslumaðurinn Böðvar Darri Lemacks nýtur þess að grilla og segir að þegar hráefnið sé gott jafnist fátt á við þá eldunaraðferð. „Ég á erfitt með að velja einn rétt eða hráefni umfram annað en ég er ekki frá því að það sé skemmtilegast að grilla íslenskt lamb því það býður upp á svo mikla möguleika.“

Uppáhaldshráefni hans er kjúklingalæri, lambamjöðm og keila. „Þau krydd sem ég nota oftast eru kerfill, chili, hvítlaukur, sítróna, sojasósa og gott franskt sinnep. Það er skemmtilegt handverk að marinera kjöt og setja á spjót með ýmsu meðlæti. Útkoman getur verið svo falleg og um leið ótrúlega fjölbreytt. Þegar ég vil vera frumlegur við grillið verður ferskur grillaður maís oft fyrir valinu. Þá pensla ég hann með mæjónesi og velti honum upp úr stökku brauðraspi, chili og parmesanosti. Þetta er dásamlegur réttur.“

Böðvar mun ráða ríkjum á nýjum veitingastað, KRÖST, sem verður opnaður innan skamms á Hlemmi Matarhöll. „KRÖST er grill- og vínbar þar sem fólk getur tekið með sér mat eða sest niður og notið hans með góðu vínglasi eða bjór. Við verðum með framúrskarandi gott íslenskt hráefni, lambakjöt, nautakjöt, kjúkling, fisk og grænmeti sem sumt er ræktað alveg sérstaklega fyrir okkur. Hlemmur Mathöll er frábært framtak og ég er viss um að það muni koma fólki á óvart hversu stór og glæsileg hún verður.“

Hér gefur Böðvar lesendum nokkrar ljúffengar og skemmtilegar grilluppskriftir



## Grillaður kjúklingur

Fyrir 4 til 6

**1 kg úrbeinuð kjúklingalæri**
**2 stk. habanero chil**
**3 stk. hvítir laukar**
**2 stk. paprika**
**3 stk. hvítlauksgeirar**
**4 stk. sítrónur**
**Olía**
**Salt**
**Hvítur pipar**

Grænmetið skorið í litla bita og safinn kreistur úr sítrónunni. Olíu, salti og pipar bætt við þannig að hráefnið líti út eins og salsa. Helmingurinn af blöndunni settur á kjúklinginn og marinerað í 24 tíma. Hinn helmingurinn notaður sem sósa. Kjúklingurinn grillaður í 6-8 mínútur á hvorri hlið. Bakaðar nípur með smjöri og timjan passa vel með.



## Grilluð keilusamloka

Fyrir 4 til 6

**1 kb keila**
**100 g salt**
**100 g sykur**
**Kóríanderfræ**
**2 stk. lime**
**200 g hvítkál**
**10 stk. grillspjót**
**Grillað brauð**
**Blandað salat**

Keilan skorin í 20 g bita. Limeberki, sykri og salti er blandað saman og keilunni velt upp úr blöndunni. Afgangi hellt yfir. Marinerað í 20 mínútur og blandan skoluð af. Hvítkál er skorið í bita og raðað á spjótið, fiskur og hvítkál til skiptis. Grillað í 3-4 mín. á hvorri hlið.

### Sítrónu- og kóríandersósa

**2 stk. sítrónur**
**20 g kóríander**
**400 g mæjónes**
**30 g hlynsíróp**
**Salt og pipar eftir þörfum**

Safinn kreistur úr sítrónunni. Kóríander skorið smátt og sett út í ásamt öðrum hráefnum. Blandað vel saman og saltað og piprað að smekk.

Fiskurinn og salatið sett á grillaða brauðsneið sem búið er að smyrja með sósu. Önnur sneið með sósu sett ofan á.

## Grillaður portobellosveppur með guacamole (vegan)



**4 stk. portobellosveppir**
**20 g sojasósa**
**10 g púðursykur**
**50 g eplaedik**
**Salt og pipar**
**Grillað brauð**

Sojasósu, púðursykri, ediki, salti og pipar blandað saman í skál. Sveppirnir settir í blönduna og lánir marinerast í 30 mín. Sveppirnir grillaðir í um 2-3 mín. á hvorri hlið. Brauð grillað eða ristað, guacamole sett á það og svo sveppur.

### Guacamole

**6 stk. avókadó**
**1 pakki kóríander**
**1 hvítlauksgeiri**
**5 stk. lime**
**2 stk. chili**
**3 stk. skarlottulaukar**
**2 dl olía**

Allt sett í matvinnsluvél og maukað.




ÚTSALA
30-50%




Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is
eða komdu í verslun okkar að Fákafeni 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og
Laugardaga frá kl. 11-16










Curvy.is

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Glimmervarir í sýningu Fendi. NORDICPHOTOS/GETTY



Glimrandi augnskuggi hjá Marc Jacobs.

## Glimrandi sumar

Eitt af þeim tískutrendum sem tískuspekúlantar spáðu að yrði vinsælt í sumar er glimmer. Glitrandi glimmer sást víða á tískupöllunum þegar sýndar voru línur sumarsins 2017. Dramatískar glimmervarir sáust til dæmis í sýningum Fendi og DKNY, fyrirsætur í sýningu Giamba voru skreyttar með glitrandi andlitsskrauti og glimmeraugnskuggar voru notaðir hjá Marc Jacobs.



## Skynsamlegt sældarlíf

Margir verða digrari í sællífi sumarsins enda drýpur nú smjör af hverju strái með tilheyrandi garðveislum og matarfjöri. Hér gefast heilræði til að njóta lífsins um leið og bumban er tamin.

- Náðu góðum nætursvefni nóttina áður en þú ferð í veislu. Rannsóknir sýna að svefnvana einstaklingar borða allt að 300 hitaeiningum meira en þeir úthvíldu og sækja þar að auki í fituríkara fæði.
- Veldu vandlega það sem þú setur á diskinn í fyrstu umferð. Sýnt hefur verið fram á að við erum gráðugust á fyrsta skammti. Því er skynsamlegt að gæða sér á grænmeti og hummus í stað franskra kartaflna og kokkteilsósu í fyrstu atrennu.
- Notaðu minni diska en stærri. Með því gabbarðu heilann sem telur að þú borðir meira þegar þú ert í rauninni að borða 40 prósent minna.
- Taktu minni bita og tyggðu matinn lengur og hægar. Þá telur heilabúið að þú borðir meira á meðan þú innbyrðir 30 prósent færri hitaeiningar.

# Lindí hopp í Hinu húsinu

Lindy Ravers standa fyrir lindí hopp danssmiðju í Hinu húsinu um helgina. Lindí hopp dansararnir Fabien Vrillon og Lisa Clarke kenna sporin. Lindy Ravers heldur reglulega dansuppákomur og námskeið og er þessi smiðja ætluð þeim sem sótt hafa námskeið áður.

